

dk Framtalskerfi fyrsta útgáfa (03.02.2020)

Í þessari útgáfu hefur verið opnað fyrir skil lögaðila. Helstu/einu breytingar eru.

1. Í eignaskránni er nú mögulegt að haka við hvort hún sé færð í erlendri mynt ásamt myntinni. Það er gert með því að setja hak og velja myntina úr fellilista í hausnum. Þeir sem eru með fleiri en eina eignaskrá tengda framtalinu verða að hafa þær allar eins merktar, ef ekki kemur villa við villutekk og yfirfærslu á framtal.
2. Í eignaskránni er nú mögulegt að merkja að eignin sé ekki komin í notkun. Það er gert með því að setja hak í viðkomandi dálk, við það verður prósentan núll og prósentureiturinn læsist. Til að opna fyrir reitinn „Í notkun“ þarf að setja viðkomandi hak í skýrsluhausinn og helst þá reiturinn opinn.
3. Á blaði RSK 1.04 A3 bættist við nýr reitur 3642 „Vaxtagjöld verðbætur o.þ.h til tengdra aðila (sbr. 57 b.skattalaga)“.
4. Á blaði RSK 1.04 A4 bættum við inn nýjum upplýsingareit sem sýnir samtölu 3990 til 4400 „Hreinar tekjur án yfirfæranlegs taps“ þetta er eingöngu til upplýsinga og hefur engin áhrif á framtalið.
5. Á blaði RSK 4.21/4.22 bættist við „Heildarkostnaður samtarfsverkefnis“ og hámarksfrádráttur var hækkaður úr 90.000.000 í 180.000.000.

Við hvetjum svo alla til að fylgjast með heimasíðu dk www.dk.is og uppfæra hjá sér útgáfuna eftir þörfum.